

IV.

Gegn mótmælum stefnenda er ósannað, að fjárhæð víxilsins, sem mál þetta fjallar um, sé önnur en til var ætlast, þegar víxillinn var afhentur, enda kemur fjárhæðin einnig heim við þá fjárhæð, sem aðilar að áðurgreindum kaupsamningi komu sér saman um við undirskrift kaupsamningsins.

Stefndu hafa ekki sannað neinar varnarástæður, sem komast mega að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 19. gr. víxillaga nr. 93/1933 ber að taka kröfur stefnenda til greina, enda verður eigi að vaxtakröfu stefnenda fundið.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu in solidum að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f, greiði in solidum stefnendum, Ólafi Ólafssyni, Stefáni Jónssyni og Kristjáni Kristjánssyni, kr. 617.313 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 427.700 frá 15. desember 1974 til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað, allt innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. júní 1976.

Nr. 119/1976. Ákærvaldið

gegn

Sigurgeir Einari Karlssyni.

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kærú 22. maí 1976 hefur varnaraðili samkvæmt heim-

ild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Gögn máls bárust Hæstarétti 9. og 11. þ. m.

Varnaraðili hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan 14. maí 1975. Alls sjö gæsluvarðhaldsúrskurðir hafa verið kveðnir upp yfir honum. Úrskurður héraðsdóms frá 22. mars 1976 var kærður til Hæstaréttar og staðfestur þar 21. apríl sama ár.

Samkvæmt gögnum máls hefur umsögn Læknaáðs, er getið er um í hinum kærða úrskurði, nú borist héraðsdómi, og hinn 11. þ. m. fór fram munnlegur málflutningur í máli því, er af hálfu ákærvalds var höfðað gegn varnaraðilja með ákæru 29. janúar 1976.

Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskoðun til hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

22. maí 1976.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara þann 29. janúar 1976, gegn Sigurgeir Einari Karlssyni verkamanni, Ennisbraut 29, Ólafsvík, nú gæslufanga á vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fæddum 11. nóvember 1956 á Ísafirði, fyrir manndráp með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 14. maí 1975 svipt Rafn Svavarsson, Bragagötu 38, Reykjavík, lífi með hnífstungum í vistherbergi sínu í verbúð Hróa h/f í Ólafsvík.

Rannsókn málsins hófst samdægurs, og var ákærði þann sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald. Gæsluvarðhald ákærða hefur verið framlengt nokkrum sinnum síðan og nú síðast þann 22. mars sl., er það var framlengt í allt að 60 dögum frá 24. þess mánaðar að telja. Rannsókn málsins hefur tekið alllangan tíma, bæði vegna kröfu ríkissaksóknara um framhaldsrannsókn í málinu og eins vegna þess, að þýðingarmikil gögn í málinu, sem beðið hefur verið um, hafa ekki borist ennþá (umsögn Læknaáðs). Eftir ósk ákærða og réttargæslumanns hans og í samráði

við dóms- og kirkjumálaráðuneytið var ákærði vistaður að Vinnu-
hælinu að Litla-Hrauni í ágústmánuði sl., og hefur hann dvalist
þar síðan.

Málið er enn ekki fullrannsakað. Með skírskotun til framan-
ritaðs og heimild í 4. tl. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála
nr. 74/1974 þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæsluvarðhalds-
vist ákærða, á meðan rannsókn málsins stendur yfir, í allt að 60
dögum, en gæsluvarðhaldsvist hans samkvæmt úrskurði frá 22.
mars sl. rennur út þann 22. maí 1976.

Því úrskurðast:

Ákærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi í
allt að 60 dögum frá og með 22. maí 1976.

Þriðjudaginn 15. júní 1976.

Nr. 124/1976. Ákærvaldið

gegn

Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjóns-
son og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. júní 1976 hefur varnaraðili samkvæmt heim-
ild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra
mála skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að hinn
kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Gögn máls bárust Hæstarétti 11. s. m.

Á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. þ.
m. er skráð í þingbók eftir Finni Torfa Stefánssyni héraðs-
dómslögmanni, skipuðum verjanda varnaraðilja, um þá
ákvörðun varnaraðilja að skjóta hinum kærða úrskurði til